

37. Stjórnarfundur Nýheima 15. 10. 2014 kl. 8:30

Fundarstjórn: Helga Árnadóttir

Ritari: Zophonías Torfason

Forfölluð: Fanney (í fæðingarorlofi)

Efni:

- Ferð til Södermann. (Davíð A. Stefánsson)
- Styrkveitingar SASS haustið 2014. (Kristín Hermannsdóttir)
- Jöklaleið og verkefnastjórnun. Verkefnið kynnt og farið yfir málið í ljósi bókunar á 35. Fundi (Vala Garðarsdóttir)
- Mögulegt samstarf þekkingarsetursins Nýheima (þN) og Discover the World ferðaskrifstofunnar um fræðslutengda ferðaþjónustu. (Árdís Erna Halldórsdóttir)
- Þátttaka í NPP verkefnum og Folklore-verkefnum. (Þorvarður Árnason)
- Viðhorf íbúa á Höfn til þjónustu og starsemi þN. (Þorvarður Árnason og Davíð A. Stefánsson)
- Möguleg kaup á skjávörpum. (Ragnhildur Jónsdóttir)
- Heimasíða þN (Davíð A. Stefánsson)

Önnur mál.

1. Davíð sagðir frá ferð sinni og Margrétar Gauju Magnúsdóttur til Söderhamn að kynna sér Opposing Force verkefnið 2014-2016 innan Erasmus+. Kynnti samstarfsaðilana. Verkefnið er byggt á rannsókn Lottu Svenson á lífi ungs fólks og atgervisflótta í Söderhamn og er eins konar framhald þess. Verkefni Nýheima verður að halda annars vegar námskeið, m.a. um jafningjafræðslu og leiðtogaþjálfun, og hins vegar koma á rannsókn sem samanstæði af samtölum og rýnihópum. Rætt um að gera heimildamynnd um verkefnið. Niðurstöður verkefnis eiga svo að birtast og hvetja aðrar þekkingarmiðstöðvar til dáða. Davíð rifjaði upp samstarfið innan Nýheima um verkefnið. Verkefnið tengist framhaldsfræðslu og aldrinum 16-24 ára og hlutverk FAS er skýrt þar inni. Rætt um mögulega aðkomu Fræðslunets Suðurlands. Minnst var á mikilvægi þess að rætt yrði um jafnrétti í víðum skilningi í verkefninu. Tenging við grunnþætti náms, jafnrétti þar á meðal, er skoðunar vert. Þorvarður benti á Þórodd Bjarnason á Akureyri sem samstarfsaðila. Ragnhildur benti á ungt fólk á vinnumarkaði og í sveitum Skaftafellssýslu sem finna ef til vill ekki hlutverk sitt í lífinu. Davíð mun halda utan um þetta verkefni og sjá um skipulagningu þess.

2. Styrkveitingar SASS. Kristín greindi frá stöðunni. Enginn styrkur kom á Hornafjarðarsvæðið og hún kannaði málið, hverjir væru í úthlutunarnefnd og slíkt. Niðurstaðan var suð að það þyrfti að endurskoða úthlutunarferlið til að kveða niður efasemdir um tilhögun. Fulltrúi SVH í stjórn SASS og bæjarstjóri hafa verið upplýstir um samskiptin. Þorvarður hefur sent framkvæmdastjóra SASS bréf um úthlutunarmál þar sem hann gerði athugasemdir við nokkur atriði. Svör hafa ekki borist enn. Kristínu og Þorvarði voru þökkuð þau viðbrögð sem þau hafa sýnt.

*Helga Árnadóttir
Zophonías Torfason*



3. Jöklaleiðin. Vala greindi frá því að ekki yrði úr samningi vegna gönguleiðaverkefnis (sjá fundargerð 35, PN). Framkvæmd verkefnisins verður í höndum SVH og verður Jóhann Helgi Stefánsson verkefnistjóri þess. Fundarfólk lýsti ánægju sinni með málalok.
4. Samstarf PN og Discover the World ferðaskrifstofunnar – fræðslutengd ferðaþjónusta. Árdís hitti eigandann og kynnti m.a. jöklastíginn, Náttúrustíginn og Nýheima. Árdís bar upp þá hugmynd að Nýheimar tækju upp samstarf við ferðaskrifstofuna um fræðslutengda ferðaþjónustu. Fundarfólk lýsti áhuga sínum á verkefninu. Árdís fylgir málinu eftir og málið rætt innan hópsins í næstu viku. Þorvarður bætti við áhugaverðu samstarfi við David Evans í þessu sambandi.
5. Þátttaka í NPA – Northern Periphery and Arctic Programme (áður NPP). Þorvarður lýsti því að hér er sjóður á vegum ESB sem styrkir margvísleg byggðarþróunarverkefni á norðurslóðum. Þarna eru í boði þokkalegir styrkir, 10-15 milljónir til þriggja ára er ekki óalgeng stærð.
6. Viðhorf íbúa til þjónustu PN. Þorvarður sagði stuttlega frá fyrri könnun um slík mál. Tillaga Þorvarðar var að framkvæma viðhorfskönnun á vegum Nýheima á næsta ári. Ástæða til þess að ræða málið í næstu viku. Kynning á starfi Nýheima í fjölbreyttu formi er mikilvæg, að álti fundarfólks.
7. Ragnhildur lagði til að PN keypti nýjan skjávarpa í fundarsal á Frumkvöðlagangi Nýheima. Stjórn PN samþykkti kaupin.
8. Davíð lagði til að ganga til samninga við verktaka um gerð heimasíðu PN. Stjórn PN samþykkti tillöguna.

Önnur mál:

Rætt um fyrirhugaða „brainstorm – ferð“ og heimsókn á Kirkjubæjarklaustur, til Víkur og á Selfoss þann 22. – 23. október nk.

Fleira ekki tekið fyrir.

Auk nafngreindra fundarmanna hér að framan var Steingerður Hreinsdóttir á fjarfundi frá um kl. 9:00 að hún komst í samband.

*Helyr / Anna Þórhallsdóttir
Sophonias Forfason*